

## Fundargerð aðalfundar Sýnar hf. 11. apríl 2024

Fimmtudaginn 11. apríl 2024 var aðalfundur Sýnar hf. haldinn rafrænt í gegnum aðalfundakerfi Lumi AGM. Hluthafar áttu þess jafnframt kost að mæta í höfuðstöðvar félagsins að Suðurlandsbraut 8, 108 Reykjavík, þaðan sem fundinum var streymt. Fundurinn hófst kl. 15:04.

### Setning fundar – kjör fundarstjóra og fundarritara og lögmæti fundar

Jón Skaftason, stjórnarformaður félagsins, setti fundinn og bauð fundargesti velkomna. Stjórnarformaður lagði til að Viðar Lúðvíksson lögmaður yrði kjörinn fundarstjóri. Tillagan var samþykkt og fundarstjóri tók við stjórn fundarins. Fundarstjóri gerði tillögu um að Unnur Lilja Hermannsdóttir lögmaður yrði kjörin fundarritari og var tillagan samþykkt.

Fundarstjóri fór yfir fundarboðun en til fundarins var boðað með auglýsingu sem birtist í Kauphöll og á heimasíðu félagsins 21. mars 2024. Með fundarboðinu fylgdi dagskrá, ályktunartillögur til fundarins, skýrsla og tillögur tilnefningarnefndar og upplýsingar um réttindi hluthafa. Enginn hluthafi á fundinum hafði athugasemdir við hvernig boðað hafði verið til fundarins. Fundarstjóri lýsti því að til fundarins hefði verið boðað með lögmætum hætti í samræmi við ákvæði laga og samþykka félagsins og lýsti fundinn lögmætan. Fundarstjóri upplýsti að fundurinn var auglýstur á ný í kauphöll 27. mars 2024 ásamt uppfærðum tillögum stjórnar. Þá var breytingartillaga stjórnar við starfskjarastefnu og kaupréttaráætlun forstjóra og lykilstarfsmanna birt í kauphöll og á heimasíðu félagsins 10. apríl 2024.

Til fundarins var í upphafi mætt fyrir 44 hluthafa sem halda á 201.248.334 hlutum, eða sem nemur 81,26% heildarhlutafjár í félaginu. Frá og með 3. dagskrárlíð var mætt til fundarins fyrir hluthafa sem halda á 201.250.089 hlutum í félaginu. Fundinn sátu jafnframt núverandi stjórnarmenn félagsins og forstjóri auk annarra úr framkvæmdastjórn þess. Þá sátu fundinn endurskoðendur frá endurskoðendafirma félagsins, Deloitte hf.

Fundarstjóri greindi frá dagskrá fundarins eins og hún hafði birst í fundarboði og þeim breytingartillögum sem höfðu borist.

Fundarstjóri benti á að unnt væri að senda skilaboð og fyrirspurnir með rafrænum hætti til fundarstjóra í gegnum rafræna kerfið. Þeir sem mættu á höfuðstöðvar félagsins gætu tekið til máls úr pontu. Fundarstjóri kynnti að atkvæðagreiðsla færi eingöngu fram rafrænt. Fundarstjóri vakti athygli á því að opnað hefði verið fyrir atkvæðagreiðslu fyrir allar fyrirbyggjandi tillögur við setningu fundarins, en benti jafnframt á að breytingartillögur kynnu að hafa komið fram eða kynnu að koma fram á fundinum, sem gæti haft í för með sér breytta eða frekari atkvæðagreiðslu. Fundargestum væri hins vegar unnt að breyta eða uppfæra atkvæði sín allt þar til lokað yrði fyrir atkvæðagreiðslu um viðkomandi tillögu. Eftir kynningu á hverri tillögu fyrir sig yrði atkvæðagreiðslu vegna hennar lokað og úrslit atkvæðagreiðslunnar kynnt strax í framhaldinu. Engar athugasemdir voru gerðar við framangreint að hálfu fundargesta.

### 1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári

Jón Skaftason, stjórnarformaður, kynnti skýrslu stjórnar fyrir síðastliðið starfsár. Í máli stjórnarformanns kom m.a. fram að lokið hefði verið við ýmsa stóra áfanga og skerpt á rekstrareiningum. Stjórnarformaður þakkaði Páli Ásgrímssyni, framkvæmdastjóra lögfræðisviðs, sérstaklega fyrir góð störf sem forstjóri

 1

félagsins á starfsárinu á meðan leitað var að einstaklingi til að taka við starfinu til frambúðar. Nýr forstjóri, Herdís Dröfn Fjeldsted, hefði tekið við því starfi og félagið væri í góðum höndum. Umhverfið hefði verið krefjandi en jákvæð teikn á lofti. Alþjóðleg þróun í fjarskiptarekstri væri á þá leið að sóst væri eftir að búa til stærri rekstrareiningar og hefðu samkeppnisyfirvöld litið jákvæðari augum á það en áður. Verulegar tækibreytingar hefðu orðið í fjölmiðlum og stórir fjölmiðlasamrunar í þípunum alþjóðlega. Stjórnarformaður benti á séríslenskar hindranir og að yfirvöld þyrftu jafnframt að sýna frumkvæði og skapa ekki umhverfi sem er meira íþyngjandi en gengur og gerist erlendis. Stjórnarformaður þakkaði fyrir sig en hann sóttist ekki eftir endurkjöri.

Fundarstjóri gaf orðið laust í kjölfar kynningar stjórnarformanns. Enginn tók til máls.

## 2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagður fram til staðfestingar

Herdís Dröfn Fjeldsted forstjóri félagsins fór yfir ársreikning og rekstur félagsins á reikningsárinu 2023. Samhliða því kynnti forstjóri nýtt skipurit þar sem mikil áhersla væri lögð á að styrkja markaðsstarf og ímynd fyrirtækisins. Markmiðið væri að efla samkeppnishæfni vörumerkja Sýnar, góða stjórnarhætti, ábyrgan rekstur, mannauðsmál, markaðsmál og aðhald í rekstri, auk þess að auka kjarnatekjur og verðmætasköpun fyrirtækisins.

Að lokinni kynningu á ársreikningi gaf fundarstjóri orðið laust. Enginn tók til máls.

Fundarstjóri bar undir atkvæði tillögu stjórnar um að fyrirleggjandi ársreikningur félagsins fyrir árið 2023 yrði staðfestur.

Ársreikningurinn var samþykktur og staðfestur einróma án mótatkvæða.

## 3. Ákvörðun um hvernig skuli fara með afkomu félagsins á reikningsárinu 2023

Fyrir fundinum lá svofelld tillaga stjórnar um að ekki yrði greiddur út arður til hluthafa vegna rekstrarársins 2023 í ljósi afkomu undangengins rekstrarárs, fjárfestingaþarfar, markmiða fjárfélagarstefnu og ytra árferðis:

„Stjórn leggur til að ekki verði greiddur arður vegna rekstrarársins 2023, en vísar að öðru leyti til ársreiknings hvað varðar ráðstöfun á hagnaði ársins og breytingu á eigin fé.“

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna en enginn tók til máls. Fundarstjóri bar framangreinda tillögu undir atkvæði.

Tillagan var samþykkt einróma án mótatkvæða.



#### 4. Tillaga um stefnu um arðgreiðslur og/eða endurkaup eigin hluta

Fyrir fundinum lá svofelld tillaga um óbreytta stefnu um arðgreiðslu og/eða endurkaup eigin hluta frá fyrra ári:

„Stjórn Sýnar hf. hefur markað félaginu þá stefnu að lögð skuli áhersla á að félagið skili til hluthafa sinna, beint eða óbeint, þeim verðmætum sem skapast í rekstrinum á hverju ári, umfram nauðsynlegar fjárfestingar í rekstrarfjármunum. Í því skyni hefur félagið einkum þrjá valkosti: beinar arðgreiðslur, niðurgreiðslu vaxtaberandi skulda og kaup á eigin hlutabréfum.“

Stefnir félagið að því að skila hluthöfum verðmætum sem nema 30%-60% af hagnaði eftir skatta í samræmi við gildandi lög og reglur hverju sinni. Þegar sérstaklega stendur á, svo sem í kjölfar sölu eigna, stefnir félagið á að skila hluthöfum verðmætum umfram framangreind viðmið. Endanlegt framlag hvers árs mun ráðast af fjárhagslegri stöðu félagsins, fjárfestingaþörf og markaðsaðstæðum.“

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna en enginn tók til máls. Fundarstjóri bar framangreinda tillögu undir atkvæði.

Tillagan var samþykkt einróma án mótatkvæða.

#### 5. Tillaga um starfskjarastefnu félagsins

Fyrir fundinum lá svofelld tillaga um starfskjarastefnu félagsins.

„Stjórn Sýnar hf. leggur til við aðalfund þann 11. apríl 2024 að uppfærð starfskjarastefna verði samþykkt. Tillagan að uppfærðri starfskjarastefnu liggur frammi á skrifstofu félagsins og er aðgengileg á vefsíðu þess: <https://syn.is/fjarfestatengsl/adalfundur>.“

Fundarstjóri gerði grein fyrir meginefni greinargerðar stjórnar með tillögunni og að breytingartillaga við starfskjarastefnu hefði verið auglýst í kauphöll og á heimasíðu félagsins 10. apríl 2024. Í upphaflegri tillögu stjórnar var kveðið á um að „að öllu jöfnu“ skyldu forstjóri og lykilstjórnendur sem semja um áskriftarréttindi ekki fá hækkunir á föstum launum á ávinnslutímabilinu, án nánari tilgreiningar á því hvenær vikið yrði frá því. Í hinni breyttu tillögu stjórnar var tekið fram í dæmaskyni við hvaða aðstæður það væri heimilt.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Harald Gunnar Halldórsson hjá LSR tók til máls og óskaði eftir því að fá eftirfarandi bókað:

„Í aðdraganda aðalfundar Sýnar kom fram heildstæð tillaga stjórnar félagsins um launasamsetningu forstjóra og lykilstarfsmanna. Tillagan fól í sér að heimilt verði að greiða forstjóra og æðstu stjórnendum kaupauka, heimilt verði að gera við sömu aðila kaupréttarsamninga og að föst laun þeirra taki öllu jöfnu ekki breytingum á tímabilinu sem kaupréttarsamningar taka til. Afstaða til launahækkana framangreindra aðila var skýr í framlagðri tillögu að starfskjarastefnu og í greinargerð við tillöguna var afdráttarlausri nálgun lýst. LSR telur tillöguna bera vott um skýra sýn stjórnar á samþættingu hagsmuna og styður hana.“



Þann 10. apríl, daginn fyrir aðalfund, kom fram breytingartillaga við starfskjarastefnu. Með breytingartillögunni er horfið frá fyrri nálgun um launaþróun og m.a. komið inn viðtækri heimild til hækkunar á launum. Það vekur undrun að það sé stjórn félagsins sem kemur fram með slíka tillögu svo skömmu fyrir aðalfund.

LSR gerir athugasemd við að stjórn félagsins komi fram með tillöguna svo skömmu fyrir aðalfund. Er sú framkvæmd ekki til eftirbreytni jafnvel þó lög og samþykktir félagsins kunni að heimila að slík breytingartillaga komi fram. Sjóðurinn telur að breytingartillagan raski þeirri nálgun sem áður var kynnt við launasamsetningu æðstu stjórnenda félagsins. Réttara þykir að stjórn setji skýra stefnu fyrir félagið sem birtist hluthöfum tímanlega til athugunar. Telji einstakir hluthafar sig geta bætt þær tillögur verður að gera kröfu til þeirra um að þeir komi tillögum sínum ásamt rökstuðningi fyrir hluthafafund eins tímanlega og unnt er.“

Fundarstjóri lýsti því að hann teldi breytingartillöguna komast að á fundinum samkvæmt almennum sjónarmiðum um fundarsköp og með vísan til niðurlagsákvæðis 14. gr. samþykktu félagsins. Þá lýsti fundarstjóri því að hann teldi breytingartillöguna í slíkum tengslum við upphaflega tillögu að hún rúmaðist innan hennar hvað efni varðar. Með vísan til þessa lýsti fundarstjóri því að hann teldi breytingartillöguna tæka til atkvæðagreiðslu og lagði til að fram færu tvær atkvæðagreiðslur. Fyrst einungis um hvort breytingartillagan sem slík yrði samþykkt. Ef breytingartillagan yrði samþykkt yrði kosið um breytta tillögu stjórnar, en ef ekki yrði kosið um upphaflega tillögu stjórnar. Engar athugasemdir voru gerðar við þá tilhögun.

Árni Hrafn Gunnarsson tók til máls fyrir hönd lífeyrissjóðsins Gildi og taldi þær breytingar sem væru lagðar til á starfskjarastefnunni jákvæðar og að þær fælu ekki í sér grundvallarbreytingar. Árni Hrafn óskaði eftir staðfestingu á því að mikið þyrfti að koma til svo heimilt væri að víkja frá þeirri meginreglu sem lýst væri varðandi hækkun á föstum launum á ávinnslutímabili. Stjórnarformaður tók til máls og staðfesti það.

Enginn annar óskaði eftir að taka til máls.

Fór þá í hönd fyrri atkvæðagreiðsla, um að hvort breytingartillagan sem yrði samþykkt, þ.e. hvort hún yrði hluti af atkvæðagreiðslunni þegar greidd yrðu atkvæði um starfskjarastefnuna í heild.

Tillagan var samþykkt með 91,68% atkvæða, á móti voru 8,32% atkvæða, enginn sat hjá.

Fundarstjóri bar þá upp til atkvæða tillögu stjórnar um að samþykkt skyldi fyrirbyggjandi uppfærð starfskjarastefna með þeirri breytingartillögu sem áður var getið og hluthafafundurinn hafði rétt í þessu samþykkt að yrði hluti tillögunnar.

Tillagan var samþykkt með 91,68% atkvæða, á móti voru 8,32% atkvæða, enginn sat hjá. Uppfærð starfskjarastefna með breytingartillögu stjórnar taldist því samþykkt.

## 6. Kaupréttaráætlun fyrir starfsmenn samstæðunnar til samþykktar

Fyrir fundinum lá svofelld tillaga um kaupréttaráætlun fyrir starfsmenn samstæðunnar:

„Stjórn Sýnar hf. leggur til við aðalfund þann 11. apríl 2024 að fyrirbyggjandi tillaga að kaupréttaráætlun fyrir alla starfsmenn í föstu starfi innan samstæðunnar verði samþykkt. Kaupréttaráætlunin byggir á 10.



gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og heimilar félaginu að gera kaupréttarsamninga við starfsmenn í föstu starfi innan samstæðu félagsins, þ.e. hjá Sýn hf. og dótturfélögum. Kaupréttaráætlunin nær til allra fastráðinna starfsmanna samstæðunnar. Starfsmenn sem ráðast til félagsins eða dótturfélaga eftir gerð kaupréttaráætlunar öðlast einnig kauprétt sem og starfsmenn félaga sem koma ný inn í samstæðu félagsins, á gildistíma hennar. Áætlunin gerir ráð fyrir að kaupréttarsamningar verði gerðir við þá starfsmenn sem það kjósa, sem heimilar þeim að kaupa hluti í félaginu fyrir allt að kr. 500.000 að markaðsverði á ári í tvö ár frá veitingu kaupréttar, sbr. þó heimild til frestunar á nýtingu réttarins vegna fyrra kaupréttartímabilsins.

Kaupréttur hvers kaupréttarhafa ávinnst í tveimur áföngum á tveimur árum frá gerð kaupréttarsamninga, sbr. nánar eftirfarandi: Fyrri nýtingartímabilið skal vera frá og með 1. maí 2025 til og með 30. apríl 2026 og hið síðara frá og með 1. maí 2026 til og með 30. apríl 2027. Nýti starfsmaður kauprétt sinn innan framangreindra tímabila skal hlutfé greitt með reiðufé. Að lágmarki 12 mánuðir þurfa að líða frá gerð samnings um kauprétt þar til hann er nýttur og starfsmenn verða að eiga keypta hluti í tvö ár hið skemmsta, vilji þeir nýta skattalegar ívilnanir sem í áætluninni felast. Kaupverð hluta skal ekki vera lægra en vegið meðalverð í viðskiptum með hlutabréf félagsins tíu heila viðskiptadaga fyrir gerð hvers kaupréttarsamnings, en endanlegt kaupverð hluta, reiknað út í samræmi við framangreint, skal tilgreint í hverjum kaupréttarsamningi. Starfsmönnum er heimilt að fresta nýtingu á kauprétti, í heild eða hluta, á fyrri nýtingartímabilinu til síðara nýtingartímabils. Við lok síðara nýtingartímabilsins falla allir ónýttir kaupréttir niður. Ávinnsla kaupréttanna er bundin því skilyrði að kaupréttarhafi starfi innan samstæðu félagsins, en áunninn kaupréttur fellur þó ekki niður ef kaupréttarhafa er sagt upp störfum án þess að uppsögnina megi rekja til vanefndar hans á ráðningarsamningi, eða öðrum starfsskyldum hans, starfslok ber að vegna aldurs, andláts eða vegna þess að kaupréttarhafi verður óvinnufær sökum heilsuþrestra. Kaupréttirnir eru ekki framseljanlegir og ekki verður heimilt að veðsetja þá. Kaupréttaráætlun sem tillaga þessi tekur til verður borin undir ríkisskattstjóra til staðfestingar, sbr. 8. tölulið 1. mgr. 10. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, áður en henni verður hrundið í framkvæmd. Kaupréttaráætlunin, sem er hluti af tillögu þessari, liggur frammi á skrifstofu félagsins og er aðgengileg á vefsíðu þess: <https://syn.is/fjarfestatengsl/adalfundur.>“

Fundarstjóri gerði grein fyrir meginefni greinargerðar stjórnar með tillögunni. Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna en enginn tók til máls. Fundarstjóri bar framangreinda tillögu undir atkvæði.

Tillagan var samþykkt einróma án mótakvæða.

## 7. Kaupréttaráætlun fyrir lykilstjórnendur samstæðunnar til samþykktar

Fyrir fundinum lá svofelld tillaga um kaupréttaráætlun fyrir lykilstjórnendur samstæðunnar. Upphafleg tillaga var kynnt hluthöfum með fundarboði 21. mars 2024 en breytt tillaga auglýst 10. apríl 2024. Fundarstjóri lýsti því að hann teldi breytingartillöguna tæka til atkvæðagreiðslu með vísan til sömu sjónarmiða og áður var getið í tengslum við breytingartillögu við tillögu að starfskjarastefnu félagsins. Fundarstjóri gerði tillögu um að einungis ein atkvæðagreiðsla yrði um dagskrárliðinn, þar sem kosið yrði um kaupréttaráætlun með breytingum auglýstum 10. apríl 2024. Engar athugasemdir voru gerðar við þá tillögu. Uppfærð tillaga með breytingartillögu stjórnar er svohljóðandi:



„Stjórn Sýnar hf. leggur til við aðalfund þann 11. apríl 2024 að fyrirbyggjandi tillaga að kaupréttaráætlun fyrir forstjóra, æðstu stjórnendur og lykilstarfsmenn samstæðunnar verði samþykkt. Kaupréttaráætlunin heimilar stjórn félagsins, eftir tillögu starfskjaranefndar, að gera kaupréttarsamninga við forstjóra, æðstu stjórnendur og lykilstarfsmenn félagsins og annarra félaga innan samstæðunnar. Heildarfjöldi hluta sem heimilt er að veita kauprétt að, á grundvelli kaupréttaráætlunar fyrir forstjóra og lykilstarfsmenn, sem liggur fyrir fundinum, er 10.000.000 hlutir. Kaupréttarsamningar við forstjóra skulu vera til þriggja ára, að nafnvirði allt að 3 milljónum hluta í heild, en þó þannig að heimilt skal að gera kaupréttarsamning um allt að 2/3 þess fjölda hluta í upphafi, en kaupréttarsamningar fyrir þann fjölda hluta sem eftir standa skulu ekki gerðir fyrr en að liðnu einu ári frá gerð fyrsta kaupréttarsamningsins.

Kaupréttarsamningar við aðra lykilstjórnendur skulu vera til þriggja ára, allt að 7 milljónum hluta í heild, en þó þannig að heimilt skal að gera kaupréttarsamning um 2/3 þess fjölda hluta í upphafi, en kaupréttarsamningar fyrir þann fjölda hluta sem eftir standa skulu ekki gerðir fyrr en að liðnu einu ári frá gerð fyrsta kaupréttarsamningsins. Forstjóri skal ákvarða innbyrðis skiptingu milli lykilstjórnenda í samráði við stjórn. Hver og einn lykilstjórnenda getur átt rétt á að hámarki 20% af úthlutuðum hlutum til lykilstjórnenda á hverjum tíma.

Veittir kaupréttir munu ávinnast þremur árum í tilviki forstjóra og lykilstjórnenda frá gerð viðkomandi kaupréttarsamninga, en nýtingu kaupréttar verður dreift yfir eitt ár að viðkomandi ávinnslutímabilum loknum, þó þannig að miða skuli við að nýting fari fram í skamman tíma í kjölfar árshlutauppgjöra. Kaupverð hlutanna við nýtingu skal ekki vera lægra en vegið meðalverð í viðskiptum með hlutabréf félagsins tíu heila viðskiptadaga fyrir gerð hvers kaupréttarsamnings, auk 7,5% vaxta frá gerð kaupréttarsamnings og fram að nýtingardegi.

Kaupréttir falla niður fyrr ef ráðningarsambandi kaupréttarhafa við félagið eða annað félag innan samstæðu þess (eftir því sem við á) er slitið fyrir ávinnslutíma, en félaginu er þó heimilt að veita undanþágur frá þeirri meginreglu. Félaginu verður óheimilt að veita lán eða ábyrgðir af nokkru tagi í tengslum við kaupréttaráætlunina. Kaupréttir eru ekki framseljanlegir en komi til þess að breyting verði á yfirráðum í félaginu, sbr. 100. gr. laga nr. 108/2007 um yfirtökur, ávinnast allir kaupréttir þegar í stað. Kaupréttaráætlunin gerir enn fremur ráð fyrir að kaupréttarhöfum sé gert skylt að halda eftir ákveðnum fjölda hluta þar til ákveðnu margfeldi af grunnaunum er náð, allt til starfsloka hjá félaginu. Kaupréttaráætlunin, sem er hluti af tillögu þessari, liggur frammi á skrifstofu félagsins og er aðgengileg á vefsíðu þess: <https://syn.is/fjarfestatengsl/adalfundur>.”

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna en enginn tók til máls. Fundarstjóri bar framangreinda tillögu undir atkvæði.

Tillagan var samþykkt af með 99,49% atkvæða, á móti voru 0,51% atkvæða, enginn sat hjá.

## 8. Tillaga um breytingu á samþykktum

Fyrir fundinum lá svofelld tillaga um breytingu á samþykktum félagsins:

„Stjórn Sýnar hf. leggur til að nýrri málsgrein verði bætt við 5. gr. samþykktu félagsins sem verði svohljóðandi:



„Aðalfundur Sýnar hf., haldinn 11. apríl 2024, samþykkir að veita stjórn félagsins heimild til að gefa út nýtt hlutafé í félaginu allt að kr. 18.000.000 hluta. Heimild stjórnar skal aðeins nýtt til þess að efna skuldbindingar félagsins skv. kaupréttarsamningum við starfsmenn og lykilstjórnendur samstæðunnar í samræmi við samþykktar kaupréttaráætlanir. Forgangsréttur hluthafa samkvæmt 1. mgr. 5. gr. samþykktar félagsins gildir ekki um hið nýja hlutafé og falla hluthafar því frá áskriftarrétti sínum að hlutafjárukningunni í samræmi við ákvæði 3. mgr. 34. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Nýútgefnir hlutir skulu vera í sama flokki og með sömu réttindi og aðrir hlutir í félaginu. Nýútgefnir hlutir veita réttindi frá skráningardegi hlutafjárhækkunar. Heimildin er veitt til 30. júní 2029. Stjórn félagsins skal vera heimild að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum félagsins í tengslum við nýtingu heimildarinnar. Heimild þessi skal felld úr samþykktum þegar hún hefur verið nýtt.““

Fundarstjóri gerði grein fyrir meginefni greinargerðar stjórnar með tillögunni. Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna en enginn tók til máls. Fundarstjóri bar framangreinda tillögu undir atkvæði og vakti athygli á því að þar sem tillagan lyti að breytingu á samþykktum félagsins væri meðal annars áskilið að samþykki hluthafa, sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum, þyrfti til þess að tillagan teldist samþykkt.

Tillagan var samþykkt með 99,99% atkvæða, enginn var á móti en hjá sátu 0,01% atkvæða.

#### **9. Tillaga um lækkun hlutafjár með innlausn (ógildingu) eigin hluta félagsins í framhaldi af kaupum á eigin hlutum og samsvarandi breyting á samþykktum félagsins**

Fyrir fundinum lá svofelld tillaga um lækkun hlutafjár með innlausn (ógildingu) eigin hluta félagsins í framhaldi af kaupum á eigin hlutum og samsvarandi breyting á samþykktum félagsins:

„Aðalfundur Sýnar hf. haldinn 11. apríl 2024 samþykkir að hlutafé félagsins verði lækkað um kr. 33.527.940 að nafnvirði, einvörðungu með innlausn (ógildingu) viðkomandi eigin hluta félagsins (samtals 3.352.794 hluta sem eru samtals kr. 33.527.940 að nafnvirði) á grundvelli ákvæða 54. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Hlutafé félagsins lækkar þar með úr kr. 2.510.017.540 að nafnvirði í kr. 2.476.489.600 að nafnvirði. Þar sem um innlausn (ógildingu) á eigin hlutum félagsins er að ræða kemur ekki til greiðslu fyrir hlutina og verður því ekki talin þörf á innköllun til kröfuhafa félagsins, en ella skal óskað eftir undanþágu fyrirtækjaskrár frá innköllunarskyldunni. Stjórn félagsins skal samþykkja og gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum félagsins af þessu tilefni.“

Fundarstjóri gerði grein fyrir meginefni greinargerðar stjórnar með tillögunni. Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna en enginn tók til máls. Fundarstjóri lét þess getið að þar sem tillagan lyti að breytingu á samþykktum félags væri sami áskilnaður um atkvæðamagn og áður var getið til þess að tillagan teldist samþykkt. Fundarstjóri bar framangreinda tillögu undir atkvæði.

Tillagan var samþykkt með 99,98% allra atkvæða á fundinum, enginn var á móti en hjá sátu 0,02% atkvæða.



7

## 10. Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutum (sem getið verður í viðauka við samþykktir félagsins)

Fyrir fundinum lá svofelld tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutum:

„Aðalfundur Sýnar hf. haldinn 11. apríl 2024 samþykkir að veita stjórn félagsins heimild, á grundvelli 55. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, til að kaupa fyrir hönd félagsins allt að 10% af hlutafé þess. Heimild þessi skal nýtt í þeim tilgangi að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu, setja upp formlega endurkaupaáætlun eða til að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup félagsins á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Tilgangur félagsins með endurkaupum er að lækka hlutafé félagsins og/eða að gera félaginu kleift að standa við skuldbindingar sínar skv. kaupréttarsamningum við starfsmenn. Við endurkaup skal hæsta leyfilega endurgjald fyrir hvern hlut ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirbyggjandi óháða kautilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem er hærra. Viðskipti félagsins með eigin hluti skulu tilkynnt í samræmi við lög og reglugerðir. Heimild þessi gildir í 18 mánuði frá samþykkt hennar. Aðrar eldri heimildir til kaupa á eigin hlutum falla úr gildi við samþykkt heimildar þessarar.“

Fundarstjóri gerði grein fyrir meginefni greinargerðar stjórnar með tillögunni og gaf orðið laust en enginn tók til máls. Fundarstjóri bar framangreinda tillögu undir atkvæði.

Tillagan var samþykkt einróma án mótatkvæða.

## 11. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir komandi starfsár

Fyrir fundinum lá svofelld tillaga um þóknun til stjórnarmanna, óbreytt frá fyrra ári:

„Stjórn leggur til við aðalfund að stjórnarlaun komandi starfsárs verði sem hér segir:

- a) Stjórnarformaður fái kr. 625.000 á mánuði
- b) Varaformaður fái kr. 470.000 á mánuði
- c) Aðrir stjórnarmenn fái kr. 310.000 á mánuði
- d) Varastjórnarmenn fái kr. 125.000 fyrir hvern setinn fund
- e) Formenn undirnefnda fái kr. 125.000 á mánuði
- f) Aðrir nefndarmenn undirnefnda fái kr. 65.000. á mánuði, sbr. þó g. liður
- g) Utanaðkomandi ráðgjafar undirnefnda og tilnefningarnefndar, fái greitt á grundvelli samþykkt tilboðs. Greiðslur til endurskoðenda skulu jafnframt vera samkvæmt samþykktu tilboði.“

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna en enginn tók til máls. Fundarstjóri bar framangreinda tillögu undir atkvæði.

Tillagan var samþykkt með öllum atkvæðum fundarins.





## 12. Tilnefningarnefnd kynnir skýrslu sína og tillögur

Pröstur Olaf Sigurjónsson, formaður tilnefningarnefndar, kynnti skýrslu tilnefningarnefndar og tillögur til breytinga á starfsreglum nefndarinnar.

### a. Tilnefningarnefnd gerir grein fyrir skýrslu sinni

Eftirtaldir aðilar voru tilnefndir af hálfu tilnefningarnefndar til stjórnar Sýnar:

- Hákon Stefánsson
- Páll Gíslason
- Petrea Ingileif Guðmundsdóttir
- Ragnar Páll Dyer
- Rannveig Eir Einarsdóttir

Eftirtaldir aðilar voru tilnefndir af hálfu tilnefningarnefndar til varastjórnar Sýnar:

- Daði Kristjánsson
- Ingibjörg Ásdís Ragnarsdóttir

### b. Tillögur tilnefningarnefndar um breytingar á starfsreglum nefndarinnar

Tillögur um breytinga á starfsreglum frá og með 2025 voru kynntar. Stjórn tilnefnir ekki lengur fulltrúa úr sínum röðum til setu í tilnefningarnefnd heldur tengilið við tilnefningarnefnd til að tryggja samfellu í störfum stjórnar og tilnefningarnefndar. Þá er mælt fyrir um að nefndarmenn geti verið allt að þremur sem er til samræmis við aðrar nefndir sem starfa hjá félaginu.

Fundarstjóri gaf orðið laust undir þessum dagskrárlið en enginn tók til máls.

## 13. Kosning stjórnar félagsins

Eftirtaldir aðilar gáfu kost á sér til setu í stjórn félagsins:

- Hákon Stefánsson
- Mariam Laperashvili
- Páll Gíslason
- Petrea Ingileif Guðmundsdóttir
- Ragnar Páll Dyer
- Rannveig Eir Einarsdóttir

Í framboði til varastjórnar voru eftirtaldir aðilar:

- Daði Kristjánsson
- Ingibjörg Ásdís Ragnarsdóttir

Fundarstjóri bar undir fundinn hvort einhver óskaði eftir því að taka til máls undir þessum dagskrárlið. Bæði Mariam Laperashvili og Petrea Ingileif Guðmundsdóttir kynntu framboð sín, röktu reynslu sína, helstu áhersluatriði og stefnumið.

Fundarstjóri kynnti að í samræmi við 5. mgr. 63. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög færi fram meirihlutakosning frambjóðenda til aðalstjórnar. Atkvæðagreiðsla fór fram.

Eftirtaldir aðilar voru kjörnir í aðalstjórn félagsins:

- Hákon Stefánsson
- Páll Gíslason
- Petrea Ingileif Guðmundsdóttir
- Ragnar Páll Dyer
- Rannveig Eir Einarsdóttir

Sjálfkjörið var í varastjórn félagsins. Stjórnarfolk var boðið velkomið til starfa og fyrri stjórn þakkað sitt framlag í þágu félagsins með lófataki.

#### **14. Kosning tveggja fulltrúa í tilnefningarnefnd félagsins í samræmi við starfsreglur stjórnar og starfsreglur tilnefningarnefndar**

Fundarstjóri kynnti að eftirtaldir aðilar gæfu kost á sér til setu í tilnefningarnefnd félagsins:

- Guðríður Sigurðardóttir
- Þröstur Olaf Sigurjónsson

Fundarstjóri bar undir fundinn hvort einhver óskaði eftir að taka til máls undir þessum dagskrárlið. Svo var ekki.

Sjálfkjörið var í framangreind tvö sæti í tilnefningarnefnd. Fundarstjóri óskaði frambjóðendum til hamingju með kjörið sem tekið var undir með lófataki.

#### **15. Tillaga stjórnar að endurskoðunarfirma félagsins**

Fyrir fundinum lá tillaga um að KPMG ehf. yrði kjörið endurskoðunarfélag félagsins.

Fundarstjóri bauð fundargestum að tjá sig um tillöguna. Enginn óskaði eftir að fá að taka til máls. Fundarstjóri bar tillöguna undir atkvæði.



Tillagan var samþykkt með einróma án mótakvæða.

#### 16. Tillaga stjórnar um utanaðkomandi nefndarmann í endurskoðunarnefnd

Fyrir fundinum lá tillaga um að Erik Ingvar Bjarnason, löggiltur endurskoðandi, yrði kosinn sem utanaðkomandi nefndarmaður í endurskoðunarnefnd.

Fundarstjóri bauð fundargestum að tjá sig um tillöguna. Enginn óskaði eftir að fá að taka til máls.

Erik var sjálfkjörinn sem utanaðkomandi nefndarmaður í endurskoðunarnefnd.

#### 17. Önnur mál löglega upp borin

Engar frekari tillögur lágu fyrir fundinum. Fundarstjóri gaf orðið laust um önnur mál.

Fulltrúar LSR á fundinum bentu á að gert væri ráð fyrir því í texta starfsreglna tilnefningarnefndar að þær yrðu staðfestar á aðalfundi. Fundarstjóri tók tillögu um breytingar á starfsreglum tilnefningarnefndar, sbr. lið 12.b á dagskrá fundarins, til atkvæðagreiðslu. Tillagan var samþykkt einróma án mótakvæða.

Fundarstjóri bauð hluthöfum því næst að fundargerðin yrði lesin upp og fundargestum var gefinn kostur á að gera athugasemdir við hana, en enginn fundargesta óskaði þess. Upplestri var því sleppt.

Fundarstjóri þakkaði viðstöddum fyrir sitt framlag, óskaði stjórnarmönnum og öðrum til hamingju með kjörið og þakkaði ritara fundarins góð störf.

Fleira var ekki gert og var aðalfundi félagsins slitið kl. 16:40.



Viðar Lúðvíksson fundarstjóri



Unnur L. Hermannsdóttir fundarritari